

3. ágúst 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - júní 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 37,9 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 30,3 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðuleikaframlögum á árinu 2016 sem námu 68 ma.kr á fyrri helmingi ársins. Handbært fé lækkar um 79,5 ma.kr. samanborið við lækkun um 37,1 ma.kr. á árinu 2015 sem skýrist að stærstum hluta af afborgunum lána sem námu 124,9 ma.kr. á tímabilinu.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – júní 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	306.339	320.500	400.625
Greidd gjöld	293.082	319.721	343.024
Tekjujöfnuður	13.257	780	57.601
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	-2.249	-31.109	-19.703
Handbært fé frá rekstri	11.008	-30.330	37.899
Fjárfestingahreyfingar	-7.330	17.976	-9.129
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	3.678	-12.354	28.770
Afborganir lána	-53.067	-54.223	-124.839
Innanlands	-27.641	-33.754	-57.332
Erlendis	-25.426	-20.469	-67.507
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-49.389	-66.577	-96.069
Lántökur	37.995	29.504	16.521
Innanlands	37.995	29.504	16.521
Erlendis	0	0	0
Breyting á handbæru fé	-11.394	-37.072	-79.548

Innheimtar tekjur á fyrri helmingi árs voru tæplega 401 ma.kr. sem er 25% aukning frá sama tímabili í fyrra. Umfangsmiklir óreglulegir liðir, stöðugleikaframlag og arðgreiðslur, bjaga samanburð milli ára en samanlagt námu þessir tveir liðir 84 ma.kr. það sem af er ári. Ef leiðrétt er fyrir þeim námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 317 ma.kr. Þetta er rúmlega 9% aukning milli ára sem endurspeglar almennar launahækkningar og aukin umsvif í efnahagslífinu.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 301 ma.kr. á fyrri helmingi árs og voru 4,7% umfram áætlun. Ljóst er að þróun á vinnumarkaði hefur mikil áhrif þar sem jákvæða frávikið liggur að mestu í tekjuskatti einstaklinga, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti sem hefur aukist m.a. vegna aukins kaupmáttar. Nánar verður fjallað hér á eftir um einstök frávík frá áætlun og þróun tekna milli ára. Þróunina undanfarin þrjú ár má einnig sjá í töflunni.



Tekjur ríkissjóðs janúar – júní 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	260.291	276.283	300.589	10,6	6,1	8,8
Skattar á tekjur og hagnað	106.483	116.670	122.204	18,4	9,6	4,7
Tekjuskattur einstaklinga	62.954	65.330	79.045	8,7	3,8	21,0
Tekjuskattur lögaðila	19.850	26.605	19.807	43,0	34,0	-25,6
Skattur á fjármagnstekjur	23.680	24.735	23.353	30,6	4,5	-5,6
Eignarskattar	5.389	3.491	4.232	-0,1	-35,2	21,2
Skattar á vöru og þjónustu	106.291	112.472	125.986	5,7	5,8	12,0
Virðisaukaskattur	72.009	77.858	90.162	7,9	8,1	15,8
Vörugjöld af ökutækjum	2.555	3.416	4.350	4,3	33,7	27,4
Vörugjöld af bensíni	5.492	5.580	5.646	1,7	1,6	1,2
Skattar á olíu	3.231	3.447	3.914	6,0	6,7	13,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.592	8.734	9.480	7,3	1,7	8,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	14.410	13.437	12.433	-3,1	-6,8	-7,5
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.686	2.587	2.232	-3,3	-3,7	-13,7
Aðrir skattar	4.334	3.973	3.607	17,3	-8,3	-9,2
Tryggingagjöld	35.108	37.092	42.327	6,1	5,7	14,1
Fjárframlög	86	120	107	4,0	40,2	-10,6
Aðrar tekjur	44.636	44.097	99.616	84,5	-1,2	125,9
Sala eigna	1.326	-	313	-	-	-
Tekjur alls	306.339	320.500	400.625	17,7	4,6	25,0

Skattar á tekjur og hagnað á fyrri helmingi árs námu samtals 122 ma.kr. og jukust um 4,7% milli ára. Tekjuaukninguna má rekja til verulegrar aukningar á tekjuskatti einstaklinga sem nam 79 ma.kr. og var um 7% umfram áætlun, þegar leiðrétt er fyrir eftirstöðvinnheimtu. Skatthlutföll 1. og 2. þreps lækkuðu í ársbyrjun en þrátt fyrir það jukust tekjur ríkissjóðs á fyrri hluta ársins af staðgreiðsluhluta tekjuskattsins um 19% milli ára. Aukningin endurspeglar aukna atvinnu en fyrst og fremst meiri launahækkningar en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Endurgreiddur tekjuskattur vegna álagningar á tekjur ársins 2015, sem endurgreiddur var um síðustu mánaðamót, mun koma til lækkunar á tekjum júlímánaðar, en eigi að síður stefnir í að tekjur af skattstofninum verði umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjuskattur lögaðila var tæplega 20 ma.kr. sem er 26% undir áætlun en hafa ber í huga að innheimtan er til bráðabirgða og ekki byggð á efnahagslegri þróun á fyrri hluta árs á sama hátt og tekjuskattur á einstaklinga. Að sérstökum fjársýsluskatti undanskildum jókst tekjuskattur lögaðila um 1 ma.kr. á milli ára. Þá nam fjármagnstekjuskattur alls 23,4 ma.kr. en ef leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum nam hann alls 19,4 ma.kr. og var 11% umfram áætlun.

Eignarskattar voru samtals 4,2 ma.kr. og þar af námu stimpilgjöld 2,4 ma.kr. og erfðafjárskattur 1,4 ma.kr. Samanlagt jukust eignarskattar um 21% milli ára sem má að miklu leyti rekja til hækkandi eignaverðs og vaxandi umsvifa á fasteignamarkaði.



Skattar á vöru og þjónustu námu 126 ma.kr. á fyrri helmingi árs sem er 7,5% umfram áætlun. Virðisaukaskattur vegur þar þyngst og nam hann alls 90 ma.kr. og var 10,4% yfir áætlun. Virðisaukaskattur jókst um 15,8% milli ára sem má m.a. rekja til aukinnar einkaneyslu og vaxandi umsvifa í ferðaþjónustu, byggingarstarfsemi og fleiri greinum. Mikil veltuaukning er í þeim atvinnugreinum sem komu inn í VSK-kerfið í byrjun ársins; farþegaflutningar, ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur, vegna 35% fjölgunar ferðamanna til landsins. Ljóst er að kröftugur vöxtur í einkaneyslu og ferðaþjónustu hefur einnig haft áhrif á kaup á ökutækjum en nýskráðum bifreiðum fjölgaði um 43% á fyrri helmingi ársins samkvæmt Samgöngustofu. Í kjölfarið hafa vörugjöld af ökutækjum aukist um 27,4% milli ára og námu þau 4,4 ma.kr. sem er vel umfram áætlun. Vörugjöld af bensíni og olíu námu samtals 9,6 ma.kr. og voru samanlagt á áætlun.

Áfengis- og tóbaksgjöld námu samtals 9,5 ma.kr. og voru 10% undir áætlun. Þar af nam áfengisgjald 6,6 ma.kr. sem er 12% aukning frá fyrra ári. Þessi mikla aukning skýrist af 4% aukningu í áfengissölu auk hækkunar á áfengisgjaldi sem tók gildi síðustu áramót samhliða lækkun á virðisaukaskatti. Á móti kemur að uppgjörstímabilið var lengt úr hálfum mánuði í einn mánuð og er innheimtutímabilið því hálfum mánuði styttra en í fyrra. Innheimtar tekjur af tóbaksgjaldi voru óbreyttar milli ára og námu 2,9 ma.kr. á fyrri helmingi árs. Hér jafnast út áhrif af aukinni sölu neftóbaks og samdráttar í sölu reyktóbaks og vindlinga.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu 2,2 ma.kr. á fyrri helmingi árs og voru 8% umfram áætlun. Tollar drógust saman um tæplega 14% frá sama tímabili í fyrra sem má rekja til afnáms tolla af skóm og fatnaði um síðustu áramót.

Tryggingagjald nam alls 42,3 ma.kr. og var 5,4% umfram áætlun. Það samsvarar rúmlega 14% aukningu milli ára sem endurspeglar almennar launahækkanir á síðasta ári og í byrjun árs. Stofn tryggingagjalds, sem er góður mælikvarði á heildarlaunastofn landsmanna, jókst um 16,3% á fyrstu fimm mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

Aðrar tekjur námu rúmlega 100 ma.kr. sem er veruleg aukning milli ára. Umfangsmiklir óreglulegir liðir falla þar undir, m.a. stöðugleikaframlög og arðgreiðslur. Stöðugleikaframlög námu alls 68 ma.kr. sem skiptist í 17 ma.kr. sem komu í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin og 51 ma.kr. sem ráðstafað var í mars og júní til að greiða niður lán frá Seðlabanka Íslands. Stærstur hluti stöðugleikaframlags og hliðaráhrifa af því er hins vegar aðgreindur frá hefðbundnu uppgjöri ríkissjóðs. Arðgreiðslur námu alls 16 ma.kr. sem er 44% minna en á sama tímabili í fyrra. Þessi mikli samdráttur skýrist af arðgreiðslu Landsbankans sem var greidd að fullu í apríl í fyrra en verður greidd í tveimur jafnháum greiðslum í ár, í maí og september, að upphæð 14,1 ma.kr. hvor.

Veiðigjöld, sem falla einnig undir aðrar tekjur, námu 4,1 ma.kr. sem er 18% aukning frá fyrra ári. Hún skýrist af kerfisbreytingu á álagningu og innheimtu veiðigjalds sem er núna innheimt á eins mánaðar fresti í stað þriggja líkt og fyrirkomulagið var á fyrri helmingi síðasta árs.



Greidd gjöld námu 343 ma.kr. og jukust um 23,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 7,3% sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar - maí 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	45.830	45.387	44.985	0,2	-1,0	-0,9
Almenn opinber þjónusta	25.271	25.406	29.068	3,5	0,5	14,4
Almannatryggingar og velferðarmál	62.472	63.929	68.087	3,1	2,3	6,5
Heilbrigðismál	67.905	73.024	81.251	5,8	7,5	11,3
Efnahags- og atvinnumál	28.578	45.432	47.520	14,9	59,0	4,6
Menntamál	29.079	30.836	33.206	-0,2	6,0	7,7
Menningar- og félagsmál	9.393	9.505	10.707	1,5	1,2	12,6
Lög- og réttargæsla	10.740	10.804	11.945	-2,7	0,6	10,6
Önnur útgjöld	13.814	15.397	16.255	63,8	11,5	5,6
Gjöld alls	293.082	319.721	343.024	5,7	9,1	7,3

Almenn opinber þjónusta hækkar um 3,7 ma.kr. milli ára eða 14,4%. Þar af hækka almenn fjárframlög til sveitarfélaga um 1,2 ma.kr. Önnur almenn opinber þjónusta hækkar um 1,4 ma.kr. á milli ára og þar af eru fasteignir ríkissjóðs með um 0,4 ma.kr. hækkun frá fyrra ári.

Efnahags- og atvinnumál námu um 47,5 ma.kr. og jukust um 2 ma.kr. eða 4,6% frá fyrra ári. Stærstu frávikin eru vegna landbúnaðarmála sem hækka um 0,9 ma.kr. frá fyrra ári og vegna rannsóknar og þróunar í efnahags- og atvinnumálum sem hækka um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 81,3 ma.kr. og jukust um 8,2 ma.kr. milli ára eða um 11,3%. Megin skýring á aukningu milli ára er vegna sjúkrahúsþjónustu sem jókst um 4,4 ma.kr., sem er 13,8% aukning, þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólasjúkrahúss sem eykst um 3,2 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækka um 2,2 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 1,0 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld menntamála námu 33,2 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 2,4 ma.kr. eða 7,7% milli ára. Framlög til framhaldskóla hækka um 10,9 % á milli tímabila eða um 1,2 ma.kr.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 68,1 ma.kr. og aukast um 4,2 ma.kr. eða 6,5%. Framlög til aldraðra aukast um 2,1 ma.kr. Þar af eru lífeyristryggingar að aukast um 2,6 ma.kr. Örorkubætur aukast um 2,7 m.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 0,9 ma.kr. á tímabilinu eða 5,6%, helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 3,9 ma.kr. sem er lækkun um 1,6 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyrisskuldbindingar sem námu 7,6 ma.kr. og hækkuðu um 1,5 ma.kr. á milli ára.

Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:



Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar - júní 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald	2.047	2.327	13,7
Fjármálastjórnýsla ríkisins	5.318	5.529	4,0
Utanríkismál	4.701	5.196	10,5
Önnur almenn opinber þjónusta	4.543	5.980	31,6
Fjármagnskostnaður	45.387	44.985	-0,9
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	8.797	10.037	14,1
Almenn opinber þjónusta	70.793	74.053	4,6
Lög- og réttargæsla	10.804	11.945	10,
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	3.115	3.387	8,7
Landbúnaðarmál	6.704	7.611	13,5
Samgöngumál	11.314	11.694	3,4
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	2.451	3.277	33,7
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	17.068	15.363	-10,0
Önnur efnahags- og atvinnumál	4.781	6.187	29,4
Efnahags- og atvinnumál	45.432	47.520	4,6
Lyf og lækningavörur	9.355	9.867	5,5
Heilsugæsla	15.247	17.484	14,7
Sjúkrahúsþjónusta	31.743	36.128	13,8
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	14.330	15.382	7,3
Heilbrigðiseftirlit og stjórnýsla	2.348	2.389	1,7
Heilbrigðismál	73.024	81.251	11,3
Menningarmál	4.437	5.022	13,2
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	5.068	5.685	12,2
Menningar- og félagsmál	9.505	10.707	12,6
Framhaldsskólastig	11.158	12.379	10,9
Háskólastig	17.291	18.156	5,0
Önnur menntamál	2.386	2.671	11,9
Menntamál	30.836	33.206	7,7
Örorka og fötlun	17.078	19.801	15,9
Öldrun	24.387	26.487	8,6
Fjölskyldur og börn	11.680	11.226	-3,9
Atvinnuleysi	6.444	5.667	-12,0
Vaxtabætur	234	114	-51,1
Önnur trygginga- og velferðarmál	4.107	4.791	16,7
Almannatryggingar og velferðarmál	63.929	68.087	6,5
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	6.135	7.649	24,7
Fjármagnstekjuskattur	5.566	3.955	-28,9
Annað	3.696	4.651	25,8
Önnur útgjöld	15.397	16.255	5,6
Gjöld alls	319.721	343.024	7,3



Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 28,8 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 12,4 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 124,8 ma.kr. til samanburðar við 54,2 ma.kr. árið áður. Innlendar afborganir námu 57,3 ma.kr. og erlendar afborganir 67,5 ma.kr. Stærstur hluti innlendra afborgana skýrist af uppkaupum ríkissjóðs á eigin bréfum í floknum RIKH 18 af nafnvirði 30 ma.kr. og innborgun á skuldabréf Seðlabanka Íslands 25 ma.kr., en þessar ráðstafanir voru fjármagnaðar með stöðugleikaframlögum slitabúa föllnu bankanna. Af erlendum afborgunum ber hæst uppgreiðslu á eftirstöðvum skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjadöllum frá árinu 2011 sem var á gjalddaga í júní, samtals að fjárhæð 62 ma.kr., en ríkissjóður greiddi þær með erlendum innstæðum í Seðlabanka Íslands. Aðrar erlendar afborganir skýrast af 5,3 ma.kr. uppgreiðslu á erlendu láni í breskum pundum sem var á gjalddaga í janúar. Lántökur tímabilsins námu alls 16,5 ma.kr. en á sama tímabili árið 2015 námu þær 29,5 ma.kr. Engin erlend lántaka var á tímabilinu.